

Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2019, miðvikudagur 4. desember 2019, var haldinn 2. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var opinn, haldinn í Rimaskóla og hófst kl. 17.06. Fundinn sátu Ásmundur Jóhannsson, Berglind Eyjólfsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Árni Guðmundsson og Sævar Reykjálín. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson, sem ritaði fundargerð og Ingibjörg Þ. Sigurþórsdóttir.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um tilnefningar í bakhóps íbúaráðs Grafarvogs.
Frestað
2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 25. ágúst 2019, þar sem breytingar á úthlutunarreglum hverfissjóðs er vísað til umsagnar hverfissráða, sbr. 5. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs frá 12. september.

Íbúaráð Grafarvogs gerir ekki athugasemdir við drög að breytingum á úthlutunarreglum.
3. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, sbr. 12. lið fundargerðar íbúaráðs Grafarvogs 20. nóvember 2019.
Samþykkt.
4. Lögð fram auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Fundafold.
5. Fram fer kynning frá stýrihópi um innleiðingu íbúaráða.

Örn Þórðarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Fram fer umræða um fundartíma ráðsins í janúar.
Samþykkt að næsti fundur ráðsins fari fram 15. janúar.
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
8. Lagðar fram til afgreiðslu styrkumsóknir í hverfissjóð.
Samþykkt að veita Korpúlfum styrk að upphæð kr. 300.000,- vegna hreinsunar gönguleiða og opinna svæða.
Samþykkt að veita Ungmennafélaginu Fjölni styrk að upphæð kr. 50.000,- vegna verkefnisins Eldri borgarar Grafarvogs – Korpúlfar.
Samþykkt að veita barna- og unglingaráði handknattleiksdeildar Fjölnis styrk að upphæð kr. 130.000,- vegna prentunar á auglýsingum, endurnýjun á mjúkboltum og lokahófs, vegna barna- og unglíngamóts í softball.
Samþykkt að veita Ungmennafélaginu Fjölni styrk að upphæð kr. 400.000,- vegna Þorrablóts Grafarvogs.
Samþykkt að veita Korpúlfum styrk að upphæð kr. 100.000,- vegna verkefnis um eflingu og stuðning við skákiðkun.
Samþykkt að veita verkefninu Friður og Nágrannaboð í Borgum styrk að upphæð kr. 100.000,-

Öðrum umsóknum hafnað.

Valgerður Sigurðardóttir vísar af fundi undir þessum lið.
Samþykkt var að loka fundi ráðsins undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 18:52

Ásmundur Jóhannsson

Berglind Eyjólfsdóttir
Sævar Reykjálín

Árni Guðmundsson